

## VIÐBRÖGÐ SKÓLANS

### EINELTISMÁL Hafa FORGANG

Í grunnskólum Garðabæjar er brugðist strax við eineltismálum. Æskilegt er því að vitneskja um einelti berist sem fyrst til skólans.

Eineltismál eru mismunandi. Aðgerðir taka mið af hvort um grun eða sannanlegt einelti sé að ræða.

### GRUNUR UM EINELTI

#### Möguleg viðbrögð:

- Fylgjast með nemanda í kennslustundum og frímínútum.
- Spyrjast fyrir meðal samstarfsfólks og nemenda.
- Nemendur skrifa um líðan og bekkjaranda.
- Ræða við valda nemendur.
- Gera félagstengslakönnun.
- Hafa samráð og leita upplýsinga hjá forráðamönnum.

Þegar nægar upplýsingar liggja fyrir þarf að ákveða hvort þörf er á frekari aðgerðum.



### EINELTI Á SÉR SANNANLEGA STAÐ

Rætt er við þolendur og gerendur samkvæmt eineltis-áætlun skólanna.

#### Hafa þarf í huga:

- Samstarf við forráðamenn.
- Vernd gegn frekara áreiti.
- Hvaða stuðning og eftirfylgd skólinn getur veitt þolendum og gerendum.
- Bekkjarvinnu og bekkjarfundi.
- Að skólasamfélagið sé upplýst.
- Skráningu á einelti.

### EINELTI HELDUR ÁFRAM


#### Hafa þarf í huga:

- Frekari samvinnu og samráð við forráðamenn þolenda og gerenda.
- Meira eftirlit, viðurlög.
- Vísa máli til nemendaverndarráðs.
- Brjóta upp gerendahóp.
- Ráðgjöf hjá sálfræðingi og öðrum sérfræðingum.
- Tilkynningu til fjölskyldu- og heilbrigðissviðs.
- Tilkynningu til lögreglu.
- Regnbogabörn ([www.regnbogaborn.is](http://www.regnbogaborn.is)).

**EINELTI ER HÆGT AÐ UPPRÆTA  
STÖNDUM SAMAN GEGN EINELTI**

Gegn einelti í Garðabæ.

Unnið af verkefnisstjórn 2006-2007. Eftirtalin fyrirtæki styrkja verkefnið:



## HVAÐ ER EINELTI?

Einelti er endurtekið ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, þar sem einn eða fleiri níðast á einum sem á erfitt með að verjast.

Einelti hefur alvarleg áhrif á nám, líðan og félagsþroska einstaklinga.

### EINELTI BIRTIST Í MÖRGUM MYNDUM. ÞAÐ GETUR VERIÐ:

**LÍKAMLEGT:** Barsmíðar, spörk, hrindingar...

**MUNNLEGT:** Uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni...

**SKRIFLEGT:** Neikvæð tölvu- og símasamskipti, krot, bréfasendingar...

**ÓBEINT:** Baktal, útskúfun, útilokun úr félagahópi...

**EFNISLEGT:** Eigum barns stolið, þær eyðilagðar...

**ANDLEGT:** Barn þvingað til að gera eitthvað sem stríðir gegn réttlætiskennd þess og sjálfsvirðingu...

**EINELTI ER EKKI  
NÁTTÚRULÖGMÁL!**

**HÆGT ER AÐ KOMA  
Í VEG FYRIR EINELTI  
MEÐ SAMSTILLTU ÁTAKI**

## ER BARNIÐ ÞITT LAGT Í EINELTI?

### HUGSANLEGAR VÍSBENDINGAR:

- Barnið virðist einangrað eða einmana
- Einbeitingarörðugleikar, barnið hættir að sinna námi
- Barnið neitar að fara í skólann eða hræðist að fara eitt í og úr skóla, biður um fylgd eða fer aðra leið
- Barnið skrúpar eða kemur oft of seint
- Breytingar á skapi, tíður grátur, viðkvæmni
- Árásargirni eða erfið hegðun
- Lítið sjálfstraust, hræðsla, kvíði, svefntruflanir
- Breyttar matarvenjur, lystarleysi eða ofát
- Tíðar kvartanir um magaverk
- Áverkar, rifin föt, skemmdar eigur
- Barnið tynir peningum eða öðrum eigum
- Barnið forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi og sund
- Barnið neitar að segja frá hvað amar að

„HVER DAGUR  
ER HELVÍTI“

### HVAÐ GETA FORRÁÐAMENN GERT?

- Rætt við og hlustað á barnið segja frá skólanum og ferðum til og frá skóla.
- Haft samband við umsjónarkennara, námsráðgjafa, stjórnendur skólans og/eða forráðamenn gerenda.
- Brugðist við vanda barnsins með skilningi, þolinmæði og umhyggju.
- Látið barnið finna að það á ekki sök á eineltinu.

## ER BARNIÐ ÞITT GERANDI?

### HUGSANLEGAR VÍSBENDINGAR:

- Barnið er árásargjarnt og sýnir yfirgang.
- Barnið uppnefnir, stríðir og hótar.
- Barnið stjórnar vinum og útilokar úr vinalópnum.
- Barnið er ógnandi í samskiptum.
- Barnið talar niðrandi um aðra.

### HVAÐ GETA FORRÁÐAMENN GERT?

- Gefið barninu skýr skilaboð um að einelti er alvarlegt mál og slík hegðun er ekki liðin.
- Fylgst vel með barninu og lagt sig fram um að vita hvernig það ver frítíma sínum og með hverjum.
- Haft samband við skólann og fengið aðstoð við að breyta og bæta hegðun barnsins.

**EINELTI VIÐGENGST OFT  
VEGNA ÞESS AÐ  
NEMENDUR VILJA EKKI VERA  
STIMPLAÐIR SEM KLÖGUSKJÓÐUR**

**RÆÐIÐ VIÐ BÖRNIN YKKAR  
UM MUNINN Á ÞVÍ AÐ KLAGA  
OG SEGJA FRÁ**

**MEÐ ÞVÍ AÐ SEGJA FRÁ ER  
HUGSANLEGA VERIÐ AÐ KOMA ÖÐRUM  
TIL AÐSTOÐAR SEM LÍÐUR ILLA**